

Söngskapur Útværpsins.

Háir 31. maí 1936

I.

Söngfróður maður sem einhverntíma talaði í Útvarpinu, léti svo um mælt, að hlustendur væri margir sljóir gagnvart tónlistarflutningi þessarar merkilegu stofnunar, og lokaðu jafnvel viðtækjum sinum þegar slikt væri á boðstólum. Hygg eg að maður þessi muni satt hafa sagt, og er þetta skaði mikill, svo mjög sem sönglistin getur verið til gagns og gleði, þar sem hún flestum iþróttum fremur, getur huggað menn og hrest og eftt þá til góðra hugsana og fyrirætlana. Það væri því mikils vert að finna ráð til að eyða þessum sljóleika sem drepið var á, og er þá fyrst að glöggva sig á þeim orsökum, sem til hans liggja, en það virðist nú raunar nokkurnveginn í augum uppi. Mun deyfð þessi að nokkru leyti stafa af því, að ekki er sú músík flutt sem skyldi; og enn er orsókin sú, að músíkin er ekki flutt á þann hátt sem heppilegast væri. Góð danslög eru ein hin besta

hressing og ætti t. d. að geta orðið að góðu liði í baráttunni gegn ofnautn áfengis. Útværpið flytur mikið af danslöguni, en mér virðist svo sem varla minna en $\frac{3}{4}$ af því sem flutt er, sé lítil virði og ekki þess vert að hlusta á það. Og svo er annar galli. Það er eigi einungis, að kvöldin sem vér fáum að heyra góðu lögin sé of fá, heldur fáum vér aðeins einusinni að heyra þessi góðu lög, þá sjaldan þau koma. En slikt er mjög ófullnægjandi. Góð danslög eiga um vér að fá að heyra a. m. k. prisvar í röð; t. d. lög einsog Morgenblätter eftir Joh. Strauss, lögin úr Waltzertraum eftir Oscar Strauss, Czardasfürstin eftir Kalman, valsinn úr Eugen Ouegin eftir Tschaikovski (og fleira eftir sama höfuðsnilling), Dream Lover eftir einhvern ágætan frænda Mozarts, Haydns og Schuberts — eg held að hann heiti Victor Scherzinger, „Heut mein Schatz“, eftir snilling sem

eg kann því miður ekki að nefna, o. fl. Í gær (17.3) kl. 22, var flutt góð dansplata sem þyrfsti að fá að heyra oft (Sprache der Liebe?). Gamla dansa ætti einungis að flytja þegar þeir eru verulega góðir; það er „hið ósnjallasta ráð“, að vera að grafa upp gamla dansa sem dauðir eru, og það jafnvel af auðvirðilegustu tegundum einsog t. d. Lott' ist todt. Hljómsveit Útv. lék 18.3 Sarabande eftir Händel, sem minti á ódauðlega tóna úr Orfeus og Eurydike eftir Gluck. Slikt er söngskapur og mundi marga gleðja ef oftar væri leikið. — Hljómsv. Útv. láta oft góð lög til sin heyra, en så er gallinn á, að bau eru of sjaldan endurtekin. Þá má enn nefna, að Útvarpið leggur of litla rækt við norræna músík og jafnvel íslenska. Vér fáum t. d. mjög sjaldan að heyra lag Sveinbjörnsonar við

Fifibrekka, gróin grund, og Sigf. Einarssonar við Gigju Gröndals. Altof sjaldan heyrist eitt hið ágætasta lag norrænt, Festpolonaise, eftir Joh. Svendsen; og þar að auki er platan ekki góð, ekki norsk, hinn stórkostlegi bassi nýtur sín ekki. Margt er gott að heyra eftir Grieg og ekki sist fiðlusónötina, sem leikin var fyrir skómmu; en þó hygg eg að Joh. Svendsen hafi verið ennþá betra tónskáld, sbr. Romance hans, og ástarsöng i Feneyjum. Þá mætti nefna músík Neu-perts við „Syng mig hjem“ eftir Björnson, plötuna þar sem kvæðið er ekki sungið heldur mælt fram; slikt er list. Og oft hefi eg óskað þess að Útvarpið hefði jafnmiklar mætur og eg á hinum ágæta þjóðsöng Svíu; eg hygg helst að hann sé þar jafnvel ekki til á verulega góðri plötu.

II.

Mér er kunnugt um, að bæði Páll Ísólfsson og Jón Leifs eru þess hvetjandi, að hlustendur láti í ljósi hvað þeim kemur best að heyra, og verði þannig í samstarfi nokkru með þeim sem annast valið á músik Útvarpsins. Gæti þó árangur af sliku samstarfi orðið miður heppilegur, ef farið væri eftir óskum þeirra sem ómentaðastan smekk hafa. En það hygg eg hafi verið gert, þegar hætt var að flytja söngleiki (óperur). Er þó mikill munur á því hvað menn hafa miklu meiri not af söngleik gegnum útvarp, heldur en sönglausum sjónleik, slikum sem hlustendur fá á hverju laugardagskvöldi. En auðgast mundu menn andlega, ef þeir lærðu að meta t. d. snildarverk Bizéts eða Aida eftir Verdi. Og þyrfti ekki annars til þess að hlustendur lærðu að hlakka til snildarverka þessara og gleðjast af þeim, en að þeir fengi nokkuð oft að heyra einn og einn þátt úr þeim. Eins mundi auðvelt að kenna niðrgum, sem einn eru sljóir, að meta hljómkviður (symfóniúr) og slikt, með því að lofa þeim nógum oft að heyra t. d. óp. 4 eftir Schumann, 3. skotsku eftir Mendelsohn, og hinrar ennþá ágætari snildarkviður Tsjaikóvskis, címkum 5. og 6.

III.

Ymsir munu telja mál þetta sem hér er rætt, litlu skifta; en þó er ekki svo.

Pað stendur ekki á sama hvort músik útvarpsins, sem kostar mikið fé og fyrirhöfn, miðar til að gera þeim sem á hlýða, ilt í skapi og auka þeim hlustarverk, ef fyrir er, eða þá að þúsundum finst birta yfir tilverunni og verður glaðara í godji, fyrir hljómana sem frá viðtækjunum berast. Og kemur mér vitanlega ekki í hug að neita því, að margt gott lag hafa hlustendur fengið að heyra. En hinsvegar verður þó ekki komist hjá því að segja, að langflest af þeim danslögum sem Útvarpið flytur oss, eiga ekki skilið að heita músik. Ætti þó vafalaust kjörorð þessarar ágætu stofnunar í þeim eftum að vera: ekkert danslag sem ekki er músik. Ef til vill þyrfti Útvarpið að hafa starfsmann, sem sérstaklega hefði á hendi að sjá um danslögin, og kom mér í hug, er Bjarni Böðvarsson létt þar til sín heyra fyrir nokkru, með sveit sina, hvort þar mundi ekki einmitt vera hinn rétti maður til sliks starfa.

18.—26. marts.

Helgi Pjeturss.